

Alþingi
Erindi nr. þ 139/2011
komudagur 8.6.2011

Alþingi
Viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. júní 2011.

Varðar: Athugasemdir við þskj. 1662 og 1663 - 783. mál


Vísað er til umsagnar, dags. 19. maí sl., vegna sama máls. Viljum við gera tvær athugasemdir við nefndarálit meirihluta viðskiptanefndar, dags. 6. júní sl.:

1. Því er fagnað að lagt skuli til að reglum um atkvæðagreiðslu um nauðasamning fjármálafyrirtækis verði breytt á þá lund að samþykki atkvæðismanna sem talið er eftir höfðatölu miðist við þá sem taka þátt í atkvæðagreiðslu. Hins vegar er ítrekað að áskilnaður um samþykki 70% höfðatöluatkvæða eykur líkurnar á að tiltölulega lítill hópur kröfuhafa með mjög lágur kröfur geti skemmt fyrir hagsmunum meirihluta kröfuhafa og þannig komið í veg fyrir að nauðasamningur náist. Því teljum við að breyta eigi b)-lið 6. gr. frumvarpsins þannig að áskilinn hundraðshluti þeirra atkvæðismanna sem þarf til að samþykkja frumvarp að nauðasamningi verði 60%. Telja verður að hagsmunir kröfuhafar verði nægilega tryggðir með því að kynna umræddar breytingar vel fyrir kröfuhöfum og upplýsa um afleiðingar þess að þeir mæti ekki til að greiða atkvæði á fundi þar sem frumvarp að nauðasamningi verður kynnt.

2. Þá kemur fram í nefndarálitinu að meirihlutinn telur ekki rétt að mæla fyrir um að tiltekið hlutfall kröfuhafa gæti lagt fram frumvarp að nauðasamningi þegar fjármálafyrirtæki hefur verið í slitameðferð í tvö ár án þess að tekin hafi verið ákvörðun um að leita nauðasamnings. Er það skýrt með því að slitum fjármálafyrirtækis ljúki annað hvort með nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum og það sé ákvörðun slitastjórnar og á ábyrgð hennar að meta hvenær tímabært sé að leita eftir nauðasamningi. Þessi skýring dugar skammt. Samkvæmt gildandi lögum eru engin tímamörk fyrir því hversu lengi fjármálafyrirtæki getur verið í slitameðferð. Engin úrræði eru fyrir kröfuhafa til að knýja á um að hefja undirbúning að nauðasamningsumleitunum og í sjálfu sér er enginn hvati fyrir slitastjórn til að ljúka slitum með nauðasamningi. Þótt yfirlýstur tilgangur frumvarpsins sé skýrlega að greiða fyrir því að unnt sé að ljúka slitum með nauðasamningi teljum við að frumvarpið, ásamt nefndarálini og breytingartillögum meirihluta viðskiptanefndar, kveði ekki nægilega skýrt á um skyldu slitastjórnar til að freista þess að fá nauðasamning samþykktan. Ekki er heldur gert ráð fyrir að kröfuhafar geti tekið frumkvæðið eða veitt slitastjórn neitt aðhald í þeim efnum. Þess vegna er ítrekuð tillaga okkar um breytingu á a)-lið 6. gr. frumvarpsins, þess efnis að þegar fjármálafyrirtæki hefur verið í slitameðferð í tiltekinn tíma geti hópur kröfuhafa, að minnsta kosti fjórðungur atkvæðismanna, lagt fram frumvarp að nauðasamningi.

Telja verður að framangreindar breytingar yrðu til að greiða fyrir því að unnt verði að ljúka slitum með nauðasamningi, sem er einn helsti tilgangur frumvarpsins.

Virðingarfyllist,
LOGOS lögmannsþjónusta
F.h. Ólafs Arinbjarnar Sigurðssonar hdl.


Gunnar Þór Þórarinnsson hdl.

LOGOS
LEGAL SERVICES
SINCE 1907

42 New Broad Street
London EC2M 1 JD
England
+44 (0) 207 920 3000
+44 (0) 207 920 3099

Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Iceland
+354 5 400 300
+354 5 400 301

Codanhus
Gl. Kongevej 60, 5. sal
DK-1850 Frederiksberg C
Denmark
+45 70 229 224
+45 70 274 279

logos@logos.is
www.logos.is